



Borgarráð

Stýrihópur um lýðheilsu og heilsuborgina Reykjavík

Hjálögð drög að erindisbréfi stýrihóps um lýðheilsu og heilsuborgina Reykjavík eru lögð fram til kynningar. Stýrihópurinn hefur það hlutverk að vinna að markmiðum og aðgerðum sem settar voru fram í aðildarumsókn Reykjavíkur að heilsuborgarsamtökum Evrópu og lúta að heilsueflingar og forvarnarstarfi í Reykjavík, samræma þær aðgerðir við lýðheilsustefnu borgarinnar og að taka þátt í öðrum verkefnum og starfi á vegum samtakanna og í tengslum við þátttöku í verkefnum Heilsueflandi samfélagi, sbr. meðfylgjandi erindisbréf.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Hjálagt:
Erindisbréf stýrihóps um lýðheilsu og heilsuborgina Reykjavík, drög.

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um lýðheilsu og heilsuborgina Reykjavík

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Skipan stýrihóps um lýðheilsu í Reykjavík er ein af aðgerðum lýðheilsustefnu Reykjavíkur sem samþykkt var í borgarstjórn Reykjavíkur þann 5. október 2021. Aðild að heilsuborgarsamtökum Evrópu á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar gerir jafnframt kröfu um skipan stýrihóps æðstu stjórnenda borgarinnar sem hafi yfirumsjón með verkefnum tengdum heilsuborginni.

Heilsuborgarverkefni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar miðar að því að draga fram áherslu á lýðheilsu í borgarumhverfinu. Undanfarin þrjátíu ár hefur þar byggst upp mikil þekking á fjölmörgum lykilsviðum sem máli skipta til að ná lýðheilsuþáttum og stuðla um leið að auknum lífsgæðum í borgum. Með þátttöku í verkefninu lýsir borgin því yfir að hún ætli að horfa til heilsu og vellíðanar í stefnumótun borgarinnar, líkt og rík hefð er fyrir í Reykjavík og setur sér markmið í samræmi við markmið heilsuborgarverkefnisins.

Hlutverk:

Hlutverk stýrihópsins er að vinna að markmiðum og aðgerðum sem settar voru fram í aðildarumsókn Reykjavíkur að heilsuborgarsamtökum Evrópu og lúta að heilsueflingar og forvarnarstarfi í Reykjavík, samræma þær aðgerðir við lýðheilsustefnu borgarinnar og að taka þátt í öðrum verkefnum og starfi á vegum samtakanna og í tengslum við þátttöku í verkefninu Heilsueflandi samfélagi.

Stýrihópin skipa:

Borgarstjóri (formaður).

Formaður velferðarráðs.

Sviðsstjórar velferðarsviðs, skóla- og frístundasviðs, umhverfis- og skipulagssviðs, íþrótt- og tómstundasviðs, menningar- og ferðamálasviðs og mannauðs- og starfsumhverfissviðs auk borgarritara og skrifstofustjóra mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Verkefnisstjóri:

Verkefnisstjóri lýðheilsu á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Faghópur um lýðheilsu í Reykjavík starfar í umboði stýrihópsins og skilar stýrihópnum stöðuskýrslum, a.m.k. árlega, um framgang við innleiðingu lýðheilsustefnunnar og aðgerðaáætlunar hennar, þ.m.t. þátttöku í heilsuborgarsamtökum Evrópu. Hópurinn hefur samráð og samstarf við Embætti landlæknis, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og fulltrúa lýðheilsuborgarsamtaka Evrópu eftir þörfum.

Starfstímabil:

Stýrihópurinn er skipaður til ársloka 2024 í samræmi við fasa VII hjá heilsuborgarsamtökum Evrópu.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson

DRÖG